

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1379
komudagur. 19.4.2005

Alþingi
Samgöngunefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2005

Umsögn um frumvarp til laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, 698. mál, farmflutningar.

Landssamband vörubifreiðastjóra hefur lengi barist fyrir því að lagarammi sé settur fyrir rekstur vörubifreiða. Töluvert hefur verið um aðila sem kaupa vörubifreiðar og/eða tæki í einstök verk án þess að nein viðskiptaáætlun né rekstraráætlun hafi verið gerð, þessir aðilar hafa ítrekað lent í greiðsluferfileikum og ekki greitt af tækjunum né heldur þau opinberu gjöld sem hafa hlotist af notkun þeirra. Þessir aðilar hafa haft vinnu af þeim sem eru að reyna að vera með sitt í lagi. Þetta hefur verið óþolandi gegnum árin og farið vaxandi. Lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga var því fagnað af sambandinu. Þetta hefur komið fram á þingum sambandsins, stjórnarfundum og samtölum forystumanna sambandsins við ráðamenn þar sem málið hefur verið rætt.

Innan sambandsins eru um 300 félagsmenn með yfir 500 bifreiðar, ýmist einyrkjar eða smærri verktakar. Velta þessa aðila er á bilinu 7 til 50 miljónir á ári. Að okkar mati nær ekki neinni átt að rekstraraðilar slíkra tækja og með þessa veltu þurfi ekki nein leyfi eða menntun til að stunda slíkan rekstur. Með tilkomu laganna skapaðist svigrúm til að taka á þessum þáttum með það að markmiði að auka fagmennsku greinarinnar í heild og gera afkomu viðunandi.

Vegagerðinni var falið að sjá um menntun greinarinnar og eftirlit með leyfum. Sambandið hefur átt mjög gott samstarf við Vegagerðina varðandi innihald námskeiða fyrir verðandi rekstraraðila og erum við mjög sáttir við þau námskeið. Ekki er neinn vafi í okkar huga að tilkoma þeirra eykur fagmennsku og hefur þegar skilað árangri bæði fyrir rekstraraðila og viðskiptavini. Sambandið hefur kynnt hugmyndir að framhaldsnámskeiði til að auka enn fremur færni og gæði í starfi vörubifreiðastjóra. Er þá verið að tala um nám sem byggt er út frá því grunnnámi sem rekstraraðilar verða að taka. Málið hefur m.a. verið kynnt fyrir Vegagerðinni og forvarnarfulltrúum tryggingarfélaga.

Eftirlit með leyfum fór hægt að stað eins og vera ber, síðan var eftirlitið smá þyngt í fullri sátt sambandsins við Vegagerðina. Fundum við strax fyrir að eftirlitið skilaði árangri, svonefndum skyndiaðilum innan greinarinnar fækkaði og málið var að komast í mjög góðan farveg þegar upp komu dómur sem byggðust aðalega á 3. gr. laganna j. lið. Eftir þá dóma sem komið hafa hefur skiljanlega eftirfylgni með Rekstrarleyfum dvínað. Þess er strax farið að gæta innan greinarinnar, skilningsleysi fyrir lögum og reglum er ábótavant og fagmennska hefur minkað. Þetta er mjög slæmt þar sem um atvinnufag er að ræða en í samræmi við það sem við höfum bent á, utan um þessa atvinnugrein eins og aðrar atvinnugreinar verður að vera lagarammi. Það er síðan stjórnvalda og okkar í

sameiningu að breyta og móta þann lagaramma þannig að hann þjóni tilgangi sínum á hverjum tíma.

Með þeim lagfæringum á þessum lögum sem nú liggja fyrir erum við ekki í vafa um að þau eigi eftir að skila árangri í bættum rekstri og aukinni fagmennsku stéttinni til framdráttar.


Landssamband vörubifreiðastjóra hefur farið yfir drög að frumvarpi til laga um fólksflutninga og vöruflutninga á landi. Sambandið vill koma eftirfarandi á framfæri:

Sambandið fagnar þeim breytingum er koma fram í 1. gr. þar sem talað er um farmflutninga í stað efnis- og vöruflutninga. Sambandið hefur bent á að mjög erfitt er að skilgreina flutning milli efnis og vöru. Teljum við þessa breytingu til góða og styðjum hana.

Varðandi aðra þætti eins og flutning í eigin þágu er það skoðun sambandsins að engar undanþágur eigi að vera frá lögum þessum hvorki í fólksflutningum né farmflutningum. Um samskonar starfsemi er að ræða bara mismunandi farmur. Komið hafa upp álitamál og dómar varðandi þessi lög. Samgönguráðuneytið er nú að bregðast við því með þessum breytingum, þær hafa verið unnar í góðri samvinnu og sátt við Landssamband vörubifreiðastjóra og þó það sé skoðun okkar að allir þeir aðilar sem flytja farm eigi að vera með Rekstrarleyfi er hér komin niðurstaða sem við getum sætt okkur við.

Minnsta breyting á frumvarpi þessu getur kallað á endurskoðun á málinu sem heild, því leggjum við á það mjög þunga áherslu að ekki verði gerðar breytingar á þessu frumvarpi sem nú liggur fyrir.

Bestu kveðjur,


Knútur Halldórsson framkvæmdastjóri
Landssambands vörubifreiðastjóra